

## Innkaupastefna Landsvirkjunar

### 1. Inngangur

Tilgangur með innkaupastefnu Landsvirkjunar er að leggja grunn að hagkvæmum og ábyrgum innkaupum fyrirtækisins.

Innkaupastefna Landsvirkjunar er sett af stjórn fyrirtækisins að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

### 2. Gildissvið

Innkaupastefnan á við um móðurfélagið Landsvirkjun og nær til allra þeirra sem starfa fyrir Landsvirkjun, en þó ekki dótturfélaga.

Innkaupastefnan varðar öll mikilvægustu ferli fyrirtækisins og nær til allra sviða, starfssvæða og verkefna.

Ákvarðanataka í rekstri fyrirtækisins, óháð umfangi og mikilvægi, skal taka tillit til innkaupastefnu.

### 3. Hugtakaskilgreiningar

**Birgi:** Fyrirtæki eða einstaklingur sem sér Landsvirkjun fyrir vörum eða þjónustu.

**Keðjuábyrgð:** Ákvæði sem er ætlað að sporna við mögulegri misnotkun á vinnuafli.

**Stýrð innkaup:** Rétt framkvæmd innkaup sem byggja ýmist á pöntun eða innkaupasamningi.

**Vistvæn innkaup:** Að velja þá vörum eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímkostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.

### 4. Innkaupastefna

Það er stefna Landsvirkjunar að framkvæmd innkaupa í aðfangakeðju okkar sé með ábyrgum hætti þannig að hún sé samræmd, gagnsæ, rekjanleiki sé til staðar og að hagkvæmni sé gætt í hvívetna. Áhersla er lögð á að:

- Innkaup séu í samræmi við lög og reglur sem gilda um fyrirtækið
- Við innkaup og rekstur innkaupasamninga sé fylgt öðrum stefnum og markmiðum fyrirtækisins, má þar helst nefna stefnur um;
  - o loftslag- og umhverfismál og vistvæn innkaup
  - o öryggi-, heilsu- og vinnuverndarmál
  - o samfélagsmál
- Gott siðferði í viðskiptum, að siðareglum birgja sé framfylgt í samstarfi við birgja og ákvæðum um keðjuábyrgð sé beitt í innkaupasamningum.


### 5. Innleiðing, mælikvarðar og upplýsingagjöf

#### 5.1. Innleiðing og eftirlit

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu innkaupastefnu fyrirtækisins. Hann tryggir að ábyrgðarsvið þeirra sem koma að innkaupum sé skýrt, skilvirkir ferlar séu til staðar og að eftirlit með innkaupum sé fullnægjandi.

#### 5.2. Mælikvarðar

Mælikvarðar sem notaðir eru til að meta árangur innleiðingar:



## Innkaupastefna Landsvirkjunar

- Hlutfall stýrðra innkaupa af heildarupphæð innkaupa sé a.m.k. 97%
- Fjöldi frávika frá verklagi við gerð innkaupasamninga sé 0
- Fjöldi kæra vegna framkvæmda innkaupa sé 0
- Hlutfall innkaupasamninga sem innihalda ákvæði um keðjuábyrgð sé 100%

### 5.3. Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf um árangur innleiðingar og eftirlits með innkaupastefnu og framkvæmd innkaupa á sér stað með reglubundunum stöðufundum með stjórnendum þar sem farið er yfir markmið og mælikvarða. Einnig er birgjamat hluti af árlegri rýni stjórnenda á stjórnunarkerfinu.

## 6. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar rýnir og endurskoðar innkaupastefnu Landsvirkjunar á tveggja ára fresti.

## 7. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

9. desember 2021

Stjórn Landsvirkjunar

Jónas Þór Guðmundsson  
Alfreður Ingadóttir  
Jónas Þorvaldsson  
Hildur Ólafsdóttir  
Jónas Þorvaldsson